

Öryggisstefna

Markmið Brynju er að vera leiðandi á sviði óhagnaðardrífina leigufélaga og kappkostar að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og öruggt langtímaleiguhúsnæði.

Félagið lítur á öryggismál sem hluta af daglegri starfsemi og leggur áherslu á að tryggja öryggi leigjenda, leiguíbúða og starfsmanna.

Stefna Brynju er að tryggja að leiguíbúðir séu þannig útbúnar að leigjendum stafi ekki hættu á slysi, eignatjóni eða heilsubresti og stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir starfsmenn. Markmið félagsins er að með faglegum, skipulögðum og markvissum hætti sé unnið að því að yfirfara og lagfæra leiguíbúðir til að auka öryggi þeirra og að fræða leigjendur og starfsmenn um öryggismál.

Til að ná fram þessum markmiðum hefur Brynja eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Að leiguíbúðir sem í boði eru uppfylli kröfur sem gerðar eru til þeirra af opinberum aðilum
- Að hindra að slys eða tjón eigi sér stað tengt húsnæði Brynju
- Að allar leiguíbúðir séu útbúnar með reykskynjara, eldvarnarteppi og slökkvitæki
- Að stuðlað sé að fræðslu og umræðu meðal starfsmanna og leigjenda til að efla öryggishugsun
- Að starfsmenn noti viðeigandi öryggisbúnað við störf sín
- Að starfsmenn séu til fyrirmyndar, virði rétt leigjenda og sé auðkennt sem starfsmenn Brynju
- Að atvik séu skráð til að tryggja gagnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð s.s. úrbætur
- Að leigjendum sé gert kleift að koma ábendingum á framfæri og að þær séu skoðaðar
- Að unnið sé eftir samhæfðum öryggisviðmiðunum

Brynja fer eftir gildandi lögum og reglugerðum um öryggismál. Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á öryggisstefnunni og að hún sé yfirfarin reglulega. Starfsmenn bera ábyrgð á að fara eftir öryggisstefnu félagsins.

Stefna þessi tók gildi þann 31. október 2024.